

Þjálfaranámskeið FSÍ

Þjálfari 1A - Akureyri

Laugardaginn 22. nóvember verður haldið þjálfaranámskeið 1A á vegum Fimleikasambandsins. Námskeiðið er ætlað þeim þjálfurum sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun undir handleiðslu reyndari þjálfara.

- **Fyrirlestrar í Canvas:**
 - Hlutverk aðstoðarþjálfara
 - Samskipti við börn
 - Fimleikagreinar
 - Fræðslukerfi FSÍ
 - Öryggisþættir í fimleikasal

Ljúka þarf öllum fyrirlestrum og verkefnum áður en mætt er í verklega tíma. Sé það ekki gert má ekki mæta í verklega tímann.

- **Verklegir tímar:**
 - Grunnstöður
 - Grunnæfingar á gólfi 1
 - Grunnæfingar á slá 1
 - Upphitun og leikir grunnhópa
 - Stórt trampólín 1

Námskeiðið fer fram í fimleikahúsi KA á Akureyri frá kl.14 – 18.

Kennari á námskeiðinu er Karen Hrönn Vatnsdal.

Skráning er opin í þjónustugátt FSÍ til 12. nóvember, skráning lokar kl.23:59 þann dag.

Lágmarksskráning er 8 manns.

Námskeiðisgjald er 17.000 kr.